

Vetnisframleiðsla og -áfylling við Korpu

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 7. janúar 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsvirkjun, Linde og Olís um fyrirhugaða vetnisframleiðslu og -áfyllingu við Korpu, Reykjavík, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 6.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Umhverfis- og orkustofnunar, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (brunavarnasviðs), Vinnueftirlits ríkisins og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Vetnisframleiðsla- og áfylling við Korpu. Matsskyldufyrirspurn. Desember 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun – Brunavarnasvið dags. 7. febrúar 2025
- Umhverfis- og orkustofnun dags. 7. febrúar 2025
- Minjastofnun Íslands dags. 7. febrúar 2025
- Landsneti dags. 11. febrúar 2025
- Vegagerðinni dags. 11. febrúar 2025
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur dags. 11. febrúar 2025
- Veitum ohf. dags. 11. febrúar 2025
- Reykjavíkurborg dags. 13. febrúar 2025
- Vinnueftirliti ríkisins 4. mars 2025

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 3. mars 2025.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í uppsetningu búnaðar til framleiðslu og þjöppunar vetnis og sambyggðar vetnisáfyllingarstöðvar fyrir samgöngur við hlið tengivirkis Landsnets og dreifistöðvar Veitna við Korpu í Reykjavík. Fyrirhuguð er að framkvæmdin muni nýta um 8.000 m² af lóðinni Blikastaðavegur 10, við hlið Korputorgs. Gert er ráð fyrir að 5 MW rafgreini verði komið í rekstur um mitt ár 2027 með framleiðslugetu sem nemi allt að 775 tonnum vetnis á ári. Enn fremur er gert ráð fyrir stækkun rafgreinisins í allt að 10 MW innan fárra ára, með heildarframleiðslugetu sem nemur þá allt að 1.550 tonnum á ári. Í fyrsta áfanga verkefnisins (m.v. 5 MW rafgreini) er gert ráð fyrir umferð 20-25 flutningabifreiða að hámarki á hverjum degi, en í næsta áfanga (m.v. 10 MW rafgreini) er gert ráð fyrir umferð allt að 40-50 flutningabifreiða á dag. Vatnsþörf fyrir framkvæmdina er áætluð um 0,5 l/s af drykkjarhæfu vatni fyrir fyrsta áfanga en um 1,0 l/s fyrir næsta og verður vatn fengið úr aðalæð 2 í kerfi Veitna sem fá vatn sitt úr Vatnsendakrikum í Heiðmörk. Orkuþörf er áætluð 47 GWh fyrir fyrri áfangann en 94 GWh fyrir seinni áfangann og



verður raforka fengin í gegnum 11 kV tengingu við flutnings- og dreifikerfi Landsnets og Veitna við hlið lóðarinnar. Við framleiðslu vetnis verður til súrefni sem áætlað er að verði veitt út í andrúmsloftið án teljandi umhverfisáhrifa. Hætta á því að súrefni og vetni blandist saman og valdi sprengingum verður lágmörkuð með því að veita súrefni út í andrúmsloftið í fullnægjandi hæð skv. leiðbeiningum framleiðanda rafgreinis sem og út frá merkjum frá skynjurum og varnarbúnaði í framleiðslu.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur kemur fram að kanna þurfi mengunarástand lóðarinnar áður en jarðvinna hefjist og ef ástæða er til, vinna áhættugreiningu með tilliti til mengunar í samræmi við lög um mengaðan jarðveg.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að mengunarástand lóðar verði kannað áður en jarðvinna hefst og áhættugreining unnin með tilliti til mengunar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ef ástæða sé til.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Landsvirkjunar, Linde og Olís og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á heilsu og öryggi

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að meðhöndlun vetnis geti falið í sér sprengihættu, líkt og gildir um annað eldsneyti. Fram kemur að framkvæmt hafi verið áhættumat til bráðabirgða en við nánari hönnun framkvæmdar verði fullt áhættumat framkvæmt og nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til að lágmarka hættu. Hámarksgeymslumagn vetnis innan lóðarinnar á hverjum tíma verði undir 5 tonnum og falli því ekki undir reglugerð um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna en tekið verði tillit til reglugerðarinnar við hönnun og útfærslu framkvæmdarinnar.

Í umsögn brunasviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) kemur fram að nauðsynlegt sé að áhættumat sé framkvæmt og eftir atvikum brunahönnun fyrir mannvirki í samræmi við byggingarreglugerð. Einnig er bent á að nauðsynlegt sé að ákvæðum reglugerðar um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna sé fylgt eftir, er varðar öryggi – og viðbragðsáætlanir og það sé gert í samráði við viðeigandi viðbragðsaðila. Jafnframt er bent á ósamræmi í texta varðandi áætlað geymt hámarks magn vetnis á svæðinu á hverjum tíma, annars vegar komi fram að geymt verði að hámarki 5 tonn af vetni á svæðinu en hins vegar segir að innan við 5 tonn af vetni verði geymt á svæðinu. Umhverfis- og orkustofnun bendir einnig á þetta ósamræmi í umsögn sinni og bendir á að ef geyma á 5 tonn af vetni á svæðinu skuli framkvæmdaraðili gera áætlun um stórslysavarnir og veita upplýsingar um öryggisstjórnunarkerfi sbr. 8. gr. reglugerðar um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna.

Í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Landsnets og Veitna kemur fram að fullt áhættumat þurfi að liggja fyrir áður en farið verði í framkvæmdir. Auk þess sé mikilvægt að greind verði þau áhrif sem þungaumferð til og frá fyrirhugaðri starfsemi geti haft á umferð á svæðinu, sérstaklega þurfi að skoða umferð innan lóðar til að meta öryggi og hættu á óhöppum.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að ekki sé fjallað um hættu vegna nálægðar við Vesturlandsveg, þ.e. möguleg áhrif á mannvirki og umferð vegna sprengi- og eldhættu, né hvaða mótvægisáðgerðir séu fyrirhugaðar til að takmarka áhrifin af slysi. Framkvæmdasvæðið sé í nálægð við einn fjölfarnasta þjóðveg landsins. Æskilegt væri að fjalla um mögulega áhættu fyrir vegfarendur ef slys verði við framleiðslu eða áfyllingu vetnis og áhrif á samgöngur á Vesturlandsvegi. Enn fremur óskar Vegagerðin eftir umfjöllun um hættu vegna umferðar á Vesturlandsvegi á starfseminni og hvaða mótvægisáðgerðir séu fyrirhugaðar til að lágmarka afleiðingar slyss á Vesturlandsvegi á starfseminni, t.d. með uppsetningu vegriðs.



Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að vetni sé mjög eldfim lofttegund og geti skapað mikla hættu og krefst því sérstakra ráðstafana til að koma í veg fyrir áhættuna eins og t.d. neistafrís búnaðar. Mikilvægt sé að tryggja að vetni komist ekki á staði þar sem hætta sé á neista eins og t.d. tengivirki en eins og fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila er gert ráð fyrir að nýtt tengivirki verði innandyr. Einnig kemur fram að mikilvægt sé að tryggja að súrefni blandist aldrei vetni en þá skapist sprengihætta. Vinnueftirlitið minnir á ýmsar reglugerðir sem taka þurfi tillit til við hönnun mannvirkja og uppbyggingu rafgreinisins og áfyllingarstöðvarinnar sem og atvinnustarfsemi í þeim.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að yfir standi gerð ítarlegra áhættumats sem muni liggja fyrir áður en til framkvæmda komi og muni áhætta vegna nálægðar við Vesturlandsveg verða greind sérstaklega og mótvægisáðgerðir settar fram til að takmarka þá áhættu eins og kostur er auk þess sem umferð innan lóðar verði skoðuð til að meta öryggi og hættu á óhöppum. Við hönnun verkefnisins verði lögð áhersla á brunahönnun mannvirkja í samræmi við gildandi byggingarreglugerð og hönnun mannvirkja verði á þann hátt að afleiðingar slyss á Vesturlandsvegi verði lágmarkaðar, t.d. með uppsetningu vegriðs og annars varnarbúnaðar í kringum mikilvægan búnað. Einnig kemur fram að ákvæðum reglugerðar um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna verði fylgt eftir í hvívetna til að tryggja öryggi fólks, eigna og umhverfis. Jafnframt kemur fram að hámarks magn vetnis sem verði geymt á svæðinu verði allt að 5 tonn á hverjum tíma.

Áhrif á ásjón

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að búnaður verði settur upp á svæði sem nú þegar sé raskað og muni ekki breyta ásjón svæðis verulega frá því sem nú er. Áætluð hæð bygginga og búnaðar sé ekki meiri en annarrar starfsemi í nágrenninu og umfang lítið miðað við önnur umsvif, ásjón svæðisins breytist ekki verulega vegna framkvæmdarinnar.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að stofnunin telji að framkvæmdin komi ekki til með að hafa áhrif á ásjón svæðisins þar sem mannvirki verði á steypu plani og í sömu hæð og önnur mannvirki sem eru nú þegar á svæðinu.

Áhrif á hljóðvist

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að hávaði frá búnaði tengdum vetsnisframleiðslunni ætti ekki að fara yfir 85 dB (A) í 1 m fjarlægð. Miðað við það hámark og áætlaða staðsetningu búnaðar innan lóðar muni áætlaður hljóðstyrkur við lóðamörk ekki yfirstíga 60 dB (A) og að áætlaður hljóðstyrkur við lóðamörk næsta kyrrláta svæðis, Korpúlstaðavallar fari ekki yfir 45 dB (A).

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar er ítrekað að ekki verði farið yfir mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfseminni, í samræmi við töflu III í viðauka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við hönnun og útfærslu verði séð til þess að hávaði frá rekstri fari ekki yfir þau mörk sem sett eru fram í reglugerð um hávaða.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Breyta þarf sérákvæðum í aðalskipulagi fyrir iðnaðarsvæðið I1b Korpa og yfirfara hvort breyta þurfi ákvæði um áætlaða aukningu byggingarmagns á svæðinu. Auk þess þarf að breyta deiliskipulagi Stekkjabrekka.

Framkvæmdin er háð stafsleyfi Umhverfisstofnunar og eftir atvikum leyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti. Einnig þarf að afla byggingaleyfis Reykjavíkurborgar.



6 Niðurstaða

Um er að ræða vetnisframleiðslu og áfyllingarstöð á um 8.000 m² svæði við Korpu í Reykjavík. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 6.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmyndunar, mengun, ónæði, hættu á stórslysum sem varða framkvæmdina og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Fyrirhuguð framkvæmd er lítil í umfangi og er á svæði sem nú þegar er raskað með mannvirkjum tengdum tengivirki Landsnets. Mannvirki tengd starfseminni verða í sömu hæð og önnur mannvirki sem eru nú þegar á svæðinu og mun framkvæmdin því ekki koma til með að hafa áhrif á ásjúnd svæðisins. Helstu áhrif framkvæmdarinnar eru vegna sprengihættu en framkvæmdaraðili vinnur að ítarlegu áhættumati sem muni liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast. Framkvæmdin hefur ekki í för með sér varanleg, óafturkræf áhrif á umhverfið. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 7. apríl 2025.

Reykjavík, 6. mars 2025

Egill Þórarinnsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

